

Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2019



Ólafur K. Nielsen
Jóhann Óli Hilmarsson

Reykjavík og Stokkseyri, febrúar 2020

ÁGRIP

Fuglafána Tjarnarinnar hefur verið vöktuð frá árinu 1973. Fimm andategundir hafa verið nær árvissir varpfuglar á þessu tímabili: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Urtönd, nýr varpfugl, bættist við 2014 og hefur orpið síðan og toppönd og rauðhöfði eru óreglulegir varpfuglar. Varpstofnum gargandar og duggandar hefur hnignað verulega og æðurin er nær horfin af svæðinu. Stökkönd hefur líka fækkað verulega frá 2007 og skúfandarstofninn er einnig á niðurleið. Langvarandi viðkomubrestur stendur andastofnunum fyrir þrifum og það hnignunarskeið sem nú stendur yfir hefur varað í um 15 ár. Þrjár meginskýringar eru á lélegri afkomu andarunga: (1) fæðuskortur; (2) afrán; og (3) hnignun búsvæða. Tjörnin er fuglagarður í miðri borg og umsjón og ábyrgð þessa svæðis er á hendi borgaryfirvalda. Ástand fuglastofna Tjarnarinnar er óviðunandi og ekki í samræmi við mikilvægi fuglanna fyrir borgarbúa. Vorin 2014 og 2015 var spyrt við fótum og borgaryfirvöld stóðu að andarungaeldi við Tjörnina til að styðja við hnignandi stofna og það starf hefur borið árangur. Haustið 2017 voru ágengar plöntur í kríuvarpinu í Þorfinnshólma upprættar og Haustið 2018 í kríuvarpinu í Vatnsmýrarfriðlandi. Líkt og við höfum áður sagt, þá fögnum við þessu frumkvæði og hvetjum til að haldið verði áfram á sömu braut og jafnframt að ráðinn verði eftirlitsmaður til að sjá um umhirðu Tjarnarfuglanna.



Kríuvarp í Þorfinnshólma 11. júní 2019. Ljósm. JÓH.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP.....	2
INNGANGUR	4
FUGLALÍF 2019	5
<i>Stökkönd</i>	5
<i>Gargönd</i>	6
<i>Urtönd</i>	7
<i>Rauðhöfði</i>	7
<i>Duggönd</i>	8
<i>Skúfönd</i>	8
<i>Æður</i>	8
<i>Toppönd</i>	9
<i>Heiðagæs</i>	9
<i>Grágæs</i>	9
<i>Kría</i>	9
<i>Aðrir fuglar</i>	10
ANNAÐ STARF.....	12
<i>Fuglaskilti</i>	12
<i>Vinir Tjarnarinnar</i>	12
UMRÆÐA	12
HEIMILDIR.....	15
TÖFLUR.....	16

Mynd á forsíðu: Flórgoði á Norðurtjörn 19. maí 2019. Ljósm. ÓKN.

INNGANGUR

Fuglar hafa verið taldir á Tjörninni á vorin og síðusumars flest ár frá árinu 1973. Tilgangurinn er að fylgjast með stofnbreytingum og þessi vöktun hefur beinst að andfuglum (gæsum og öndum) og einnig kríu, en ekki mófuglum í Vatnsmýrinni. Talið var þrisvar sinnum árið 2019, í apríl, maí og í júlí. Allir fuglar voru taldir á Norðurtjörn, Suðurtjörn, Þorfinnstjörn, Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, sem og í friðlandinu í Vatnsmýri (1. mynd). Talningar í maí gefa stærð varpstofna og síðusumarstalningin viðkomuna. Hjá öndum er stærð varpstofns miðuð við fjölda kolla. Hér á eftir verður fjallað um endur, gæsir og kríu en einnig nefndar aðrar tegundir sem sást. Við þökkum Snorra Sigurðssyni líffræðingi hjá Reykjavíkurborg fyrir samstarf og upplýsingar um Tjarnarfugla.




1. mynd. Tjörnin og friðland fugla í Vatnsmýri. 1=Norðurtjörn, 2=Suðurtjörn, 3=Þorfinnstjörn, 4=Vatnsmýrartjörn, 5=Hústjörn og 6=friðland. Friðlandið er markað með síkjum. Mynd er tekin 5. ágúst 2019 og sótt á Borgarvefsjá 17. febrúar 2020.

FUGLALÍF 2019


Sex andategundir urpu við Tjörnina sumarið 2019. Stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd hafa verið árvissir varpfuglar frá upphafi talninga 1973. Einnig fundust urtönd og toppönd með unga. Urtönd hefur orpið árlega frá 2014 og toppendur verpa endrum og eins. Enginn æðarfugl gerði tilraun til varps.

Stökkönd


Í apríl og maí sáust mest 42 stökkandarkollur og 41 í júlí (1. tafla). Stærð á varpstofni var miðuð við hærri vorgildið (42 kollur). Samanburður við fyrri ár sýnir að varpstofninn var sterkur á 8. áratug nýliðinnar aldar (100 til 120 pör). Síðan fækkaði í stofninum og lágmark var 1995 (45 pör), eftir það óx hann jafnt og þétt og var kominn í 113 pör 2007. Aftur fækkaði fuglunum og hefur stofninn verið með allra minnsta móti 2014 til 2019 (2. mynd, 2. tafla). Samtals felldu 154 stökkandarsteggir flugfjaðrir á Tjörninni 2019 en þetta eru bæði heimafluglar og aðkomufuglar (1. tafla). Fellisteggjum hefur fækkað mikið frá því sem áður var og tölur fyrir árin 2014 til 2019 eru þær langlægstu frá upphafi talninga (3. mynd). Í lok júlí 2019 voru 8 stökkandarkollur með samtals 15 unga. Almennt hefur viðkoma stökkandarinnar verið slök allar götur frá 2005 (4. mynd, 3. tafla).



2. mynd. Andakollur á Tjörninni vorin 1974–2019. Gögn vantar fyrir allar tegundir árin 1982 til 1987, fyrir æður 1981 og duggönd 1993. Ekki eru sýndar myndir fyrir urtönd, rauðhöfða og toppönd sem hafa orpið óreglulega en kollufjöldinn er tekinn með í línuritinu fyrir samanlagðan fjölda kolla. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna.



3. mynd. Fellisteggir stokkandar á Tjörninni 1973 til 2019. Gögn vantar fyrir árin 1981 til 1987 og 1992 og 1993. Rauði ferillinn sýnir meginleitni gagnaraðarinnar.



4. mynd. Andarungar á Tjörninni síðsumars 1973–2019. Gögn vantar fyrir árin 1983 til 1985, 1987 og 1992 til 1993, einnig vantar stokkönd og gargönd 1986, stokkönd, gargönd, duggönd og skúfönd 1994, og æður 1995. Ekki er sýnd mynd fyrir urtönd, rauðhöfða og toppönd, sem hafa orpið óreglulega, en ungafjöldinn er tekinn með í línuritinu fyrir samanlagðan fjölda unga. Rauðu ferlarnir sýna meginleitni gagnaraðanna.

Gargönd

Gargandapar sást á Tjörninni um vorið og í júlí var kolla með 6 unga (1. og 3. tafla). Þetta er svipað og verið hefur frá 2004 (1–2 varppör; 2. mynd, 2. tafla). Í júlí bættust við nokkuð af gargöndum og þær felldu flugfjaðrir á Tjörninni. Í júlítalningu sáust 16 fuglar í felli, 13 steggir og þrjár kollur. Þetta er svipað og var mest á 8. áratug síðustu aldar (Ólafur K. Nielsen 1992). Gargandarstofninn á Innnesjum notar nokkra fellistaði og virðist skiptast á um þá, auk Tjarnarinnar fella þær á Bakkatjörn á Seltjarnarnesi og Kasthúsatjörn á Álftanesi. Varpkollan 2019 er merkt (5. mynd). Ekki náðist að lesa á merkið en mögulega er þetta einn unganna sem sleppt var á vegum borgarinnar sumarið 2015.



5. mynd. Gargönd með 6 unga í friðlandinu í Vatnsmýri 11. júní 2019. Ljós. JÓH.

Urtönd

Í talningum um vorið sáust engar urtendur og í júlí aðeins einn ókyngreindur fullorðinn fugl og nær fullvaxinn ungi (1. tafla). Urtendurnar hafa alltaf alið upp sína unga á tjörnum í Vatnsmýrinni. Urtendur eru felugjarnar og oft erfitt að koma auga á kollur með unga. Miðað við þetta varp a.m.k. ein urtandarkolla í Vatnsmýrinni 2019 og það er í samræmi við aðrar athuganir (Ólafur Arason og Snorri Sigurðsson 2019).

Urtendur hafa haft vetursetu á Tjörninni um árabíl en heldur hefur fækkað í hópnum. Veturinn 2006–2007 sáust mest 37 fuglar (25. nóvember 2006) og 36 fuglar veturinn 2007–2008 (29. desember 2007). Það sem af er vetri 2019–2020 hafa sést mest 7 fuglar (6 steggir og kolla þann 28. desember 2019). Vetursetufuglarnir hafa haldið sig mest á Vatnsmýrartjörn og Hústjörn en líka á skurðum austast í Vatnsmýrinni. Þessum skurðum hefur nú verið spilt í tengslum við uppbyggingu á Hlíðarendasvæðinu.

Rauðhöfði

Rauðhöfðar hafa orpið stöku sinnum síðustu árin en í talningum sást aðeins einn steggur í felli síðsumars (1. tafla). Í nokkur ár hafa rauðhöfðar verið árvissir vetrargestir og það sem af er vetri 2019–2020 hafa sést mest 21 fugl (13 steggir og 8

kollur, 28. desember). Þetta er með því mesta sem verið hefur í áratugi og þarf að fara allt aftur til 1973–1974 til að finna fleiri vetursetufugla (Ólafur K. Nielsen 1992).

Duggönd

Í talningum um vorið sáust mest 5 duggandarkollur og varpstofninn er miðaður við það gildi (1. tafla). Duggöndum á Tjörninni hefur fækkað jafnt og þétt allar götur frá 1980, ef undan er skilið sex ára tímabil um síðustu aldamót. Botninum virðist hafa verið náð 2009 og síðan hefur stofninn haldist tiltölulega stöðugur, rétt um og yfir 5 pör. Lítilháttar fjölgun var 2016–2018 og stofninn taldi 8 til 9 pör en 2019 hefur sigið aftur á ógæfuhliðina (2. mynd, 2. tafla). Viðkoman 2019 var lakleg en tvær kollur komu upp samtals 6 ungum (1. tafla). Viðkoma duggandar hefur verið léleg um langa hríð, undantekningar voru árin 2015 og 2016 (4. mynd, 3. tafla).

Skúfönd

Í talningum í apríl og maí sáust 21 og 22 skúfandarkollur en 27 kollur í júlí og stofnstærð er miðuð við þá tölu (6. mynd). Viðkoman var í meðallagi og 8 kollur voru með 28 unga á lífi í lok júlí (1. tafla). Stofnbreytingar skúfandar hafa verið frábrugðnar stofnbreytingum annarra Tjarnaranda. Skúfandarstofninn óx á árunum 1980–1998, úr tæplega 20 pörum í liðlega 30 pör, minnkaði síðan og var liðlega 20 pör 2013–2015, en aftur óx 2016 í 28 pör, síðan voru 26 pör 2017 og 20 pör í 2018 og í ár 27 pör (2. mynd, 2. tafla). Viðkoma skúfanda batnaði jafnt og þétt á sama tíma og stofninn óx á 8. og 9. áratug 20. aldar og var í hámarki á fyrrihluta 10. áratugarins, nokkrum árum á undan hámarki í stofnstærð. Frá miðjum 10. áratugnum hefur viðkoman verið lakari og sérstaklega hafa árin frá og með 2005 verið mögur (4. mynd, 3. tafla).



6. mynd. Skúfandarsteggur á Tjörninni 18. apríl 2019. Ljós. ÓKN.

Æður

Aðeins sáust þrír æðarblikar í talningum í apríl og maí og enginn æðarfugl sást í júlí. Þar sem engin kolla sást er varpstofninn sem slíkur búinn að vera (1. tafla). Vorið 2018 taldi varpstofninn þrjú pör. Enginn ungi hefur komist upp frá sumrinu 2014.

Æðarstofninn á Tjörninni var stærstur á 8. og 9. áratug síðustu aldar, síðan hefur stofninn verið í samfelldri niðursveiflu og mikil og hröð fækkun frá 2004 (2. og 4. mynd, 2. og 3. tafla). Mögulega eru þeir æðarblikar sem enn sækja á Tjörnina hluti af þeim ungum sem sleppt var sumarið 2014. Það sem bendir til þess er, að þessir fuglar hafa sést á tjörnunum í Vatnsmýri. Leysingjarnir 2014 voru aldri þar en aðrir æðarfuglar hafa ekki sést í áratugi á þeim slóðum.

Toppönd

Toppönd er árviss gestur á Tjörninni og sést þar á öllum tímum árs og verpur endrum og eins. Toppandapar sást í talningum í maí. Í júlí var toppandarkolla með einn unga á Norðurtjörn (1. tafla). Hinn 2. febrúar 2020 sáust tveir steggir og kolla á vökinni við Iðnó.

Heiðagæs

Ein heiðagæs hefur dvalið með Tjarnargæsum um langa hrið. Hún sást ekki í talningum en þess utan í nokkur skipti, m.a. 28. desember 2019.

Grágæs

Þann 25. júlí sáust 78 fullorðnar gæsir og 10 gæsarungar (1. tafla, 7. mynd). Þetta er svipaður fjöldi og nýliðin sumur en veruleg fækkun frá því sem verið hefur síðustu 30 ár eða svo. Þá voru að jafnaði 200–300 gæsir á Tjörninni síðsumars. Greinilegt er að gæsavarpíð í Vatnsmýrinni hefur minnkað. Einnig hefur fækkað í vetursetuhópnum. Í talningu 28. desember sáust 80 grágæsir en áður dvöldu þar 300–500 fuglar að jafnaði yfir veturinn.



7. mynd. Grágæsapar með unga í friðlandinu í Vatnsmýri 11. júní 2019. Ljós. JÓH.

Kríur

Kríuvarp var á tveimur stöðum við Tjörnina 2019, í Vatnsmýrinni og Þorfinnshólma. Þetta er sama dreifing og verið hefur á kríuvarpinu frá árinu 2012. Í talningu 17. maí sáust 134 kríur við Tjörnina. Í talningu 25. júlí sáust 70 fullorðnar kríur og 8 nýlega fleygir ungar. Ljóst er að kríuvarpið hefur að mestu misfarist 2019. Þetta kemur líka

fram í skýrslu Ólafs Arasonar og Snorra Sigurðssonar (2019). Þeir sáu um 250 kríur í varpinu í júní en í júlí lagðist fuglinn frá og þá ljóst að viðkoman var lítil sem engin. Líkleg skýring á viðkomubresti kríunnar er fæðuskortur en afrán gæti líka spilað hér rullu (8. mynd).



8. mynd. *Kría með hornsíli við Þorfinnstjörn 19. maí 2019. Ljós. ÓKN.*

Aðrir fuglar

Tvær álfir sáu um vorið en engar síðsumars. Álfir höfðu vetursetu á Tjörninni 2019 til 2020, líkt og verið hefur um áratugi og hópurinn taldi 86 fugla 28. desember 2019.

Sílamáfi hefur fækkað við Tjörnina frá því sem áður var og áberandi fáir fuglar sjást þar nú í júní og júlí. Þannig sáu aðeins 33 sílamáfar í talningu 25. júlí. Engir svartbakar gerðu tilraun til varps í Stóra-hólma Norðurtjarnar líkt og 2015–2017.

Ekki var gerð tilraun til að meta fjölda mófugla í Vatnsmýrarfriðlandi en tjaldur sást á hreiðri (9. mynd) og stelkur með unga en hrossagaukar, jaðrakanar og þúfutittlingar á söngflugi. Maríuerlupar með varpatferli var við síkin í Vatnsmýrinni. Nokkuð af vaðfugli dvelur í friðlandinu yfir vor og sumar (10. mynd). Hrossagaukar höfðu áður vetursetu í síkjum í Vatnsmýrinni, einn slíkur sást í síkinu við Hringbraut þann 2. febrúar 2020.

Ungur dílaskarfur sást á Tjörninni síðla vetrar 2018–2019. Um vorið bættust fleiri við og mest sáu þrír ungfuglar saman og það var 19. maí (11. mynd). Skarfarnir sáu á öllum tjörnum og stunduðu hornsílaveiðar grimmt. Í janúar 2020 var aftur kominn skarfur, tveir fuglar sáu 25. janúar og stakur fugl 2. febrúar. Dílaskarfur hefur sést endrum og eins við Tjörnina en aldrei dvalið líkt og nú. Til dæmis eru þekkt 8 tilvik frá árunum 1973–1991, yfirleitt voru þetta fuglar á flugi yfir en einstöku sinnum lentu þeir og dvöldu dagstund (Ólafur K. Nielsen 1992). Skarfarnir eru skemmtileg viðbót við fuglafánu Tjarnarinnar og vonandi að þessi þráður slitni ekki í bráð.



9. mynd. Tjaldur á hreiðri í nýlagðri mól í friðlandinu í Vatnsmýri 19. maí 2019. Ljósm. ÓKN.



10. mynd. Hrossagaukur í friðlandinu í Vatnsmýri 11. júní 2019. Ljósm. JÓH.



11. mynd. Ungir dílaskarfar í Stóra-hólma Norðurtjarnar 19. maí 2019. Ljós. ÓKN.

Stakur flórgoði sást 28. apríl og annar fugl bættist fljótlega við og dvöldu allavega út maí (forsíðumynd). Flórgoðarnir héldu sig mest við Litla-hólmann í Norðurtjörn og lifðu á hornsilum. Flórgoði hefur sést tvisvar áður á Tjörninni en ekki dvalið líkt og nú (Ólafur K. Nielsen 1992). Flórgoða hefur fjölgað á Innnesjum síðustu ár og vonandi halda þeir áfram að sækja Tjörnina heim. Það væri lag að útbúa hreiðurstæði fyrir þá næsta vor líkt og gert hefur verið með góðum árangri í Vífilsstaðavatni.

ANNAÐ STARF

Fuglaskilti

Skýrsluhöfundar sáu um að útbúa og skipta út fuglaskiltum við Iðnó, en þar er gert þrisvar á ári, snemma vors (varptími), á miðju sumri (ungatími) og um haustið (vetur).

Vinir Tjarnarinnar

Sjálfboðaliðar á vegum Fuglaverndar og Norræna hússins tóku til hendinni í friðlandinu 5. apríl. Um 20 manns komu saman og hreinsuðu rusl úr síkjum, klipptu runna og tré sem uxu í votlendinu og löguðu bakkavarnir. Starfsmenn Borgarinnar sáu um að fjarlægja allt rusl af vettvangi. „Vinir Tjarnarinnar“ verða kallaðir til starfa með hækkandi sólu. Sjá líka: <https://fuglavernd.is/verkefni/hollvinir-tjarnarinnar/>. Sveinn Kjartansson, veitingamaður, bauð gestum og gangandi upp á inndæla súpu.

UMRÆÐA

Fuglalífi Tjarnarinnar hefur hnignað á liðnum áratugum og um það er ekki deilt. Við teljum að þrjár meginskýringar séu á þessari neikvæðu þróun og höfum rökstutt það í fyrri skýrslum. Skýringar okkar eru:

- **fæðuskortur**
- **afrán**
- **hnignun búsvæða.**

Við höfum áður rætt ítarlega mögulegar mótvægisáðgerðir og viljum í því sambandi benda á Tjarnarskýrslur frá 2011 og 2012 (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2011 og 2012, sjá líka Ólaf K. Nielsen 2013). Boðskapur okkar er sá sami og fyrr og í hnotskurn felast tillögur okkar í því að viðhalda umgjörðinni, stunda ræktunarstarf og hafa eftirlitsmann með Tjarnarfuglunum. Umgjörðin er svæðið í heild sinni: tjarnir, bakkar, hólmar og friðlandið í Vatnsmýri (1. og 12. mynd). Umgjörðin nær einnig til vatnasviðs Tjarnarinnar. Með viðhaldi er átt við verk líkt og að koma í veg fyrir landbrot í Vatnsmýrinni, tryggja að hávaxnar plöntur líkt og hvönn og kerfill kaffæri ekki kríuvarpið, o.fl. Með ræktunarstarfi er vísað til árangurs andasleppinganna frá 1956 og 1957 og okkar tillaga er að haldið verði áfram með slíkt starf. Eftirlitsmaður með Tjarnarfuglum sinnir daglegum þörfum fuglanna yfir vor og sumar.

Sumum af tillögum okkar um áðgerðir hefur verið fylgt eftir og við fögnum því. Nægir hér að nefna stofnun friðlands fugla í Vatnsmýri á sínum tíma og nú síðast slepping andarunga 2014 og 2015, og umbætur í kríuvarpinu í Þorfinnshólma og Vatnsmýri. Við viljum nota tækifærið og benda á nokkur atriði sem þurfa skoðunar varðandi lélega viðkomu Tjarnarfugla og gróður- og búsvæðavernd.

Í stóra samhenginu er það mat okkar að það þurfi að svara nokkrum áleitnum spurningum varðandi ástand mála við Tjörnina. Þetta snýr að varpafkomu bæði anda og kríu, einnig gróður og landbrot í Vatnsmýrinni og grunnvatnsrennsli til Tjarnarinnar. Nánar um þessa þætti:

Hvað ræður því að viðkoma Tjarnarandanna er jafnléleg þessi árin og raun ber vitni. Er það fæðuskortur sem ræður mestu eða afrán? Þessu þarf að svara og að nýta þá þekkingu til að bregðast við á raunhæfan máta. Ef það er fæðuskortur sem hamlar, þá þarf hreinlega að fódra andarungana á meðan þeir vaxa úr grasi. Ef það eru afræningjar sem eru flöskuhálsinn, þá þarf að farga þeim eða stugga í burtu.



Grágæs á flugi yfir nýlagðri mól í hólmanum í Vatnsmýrartjörn 11. júní 2019. Ljós. JÓH.



12. mynd. Loftmynd af friðlandinu í Vatnsmýri, þar sem malarflákarnir í hólmanum sjást vel. Gróður er þó farinn að vaxa inná jaðra þeirra. Mynd er tekin 5. ágúst 2019 og sótt á Borgarvefsjá 17. febrúar 2020.

Svipað á við um kríuvarpið. Af hverju vegnar kríunni jafnilla og raun ber vitni síðustu ár? Mögulega skiptir hér mestu skortur á sandsílum í sjónum við Reykjavík en afræningjar gætu líka leikið hér hlutverk. Í því sambandi nægir að minna á að minkur lék lausum hala í kríuvarpinu í Vatnsmýrinni í júní 2017. Ef um er að ræða skort á æti, sandsílum, þá er fátt sem við getum gert til að bæta úr.

Hólmarnir í Norðurtjörn eru að hverfa í hvönn og er hún búin að leggja undir sig Litla-hólmann. Það er því næst á dagskránni í endurnýjun varplands og hólma, að uppræta hvönnina í Litla-hólma og jafnframt að skoða aðstæður í Stóra-hólma, en hvönnin er smátt og smátt að leggja hann undir sig. Jarðvegsdúkur og þökur ættu að slá á vöxt hvannarinnar.

Hugsunin með fuglafriðlandi var meðal annars að varðveita þann votlendisgróður sem forðum einkenndi Vatnsmýrina. Úttekt var gerð á flóru friðlandsins 2003 (Jóhann Pálsson 2003). Miklar breytingar hafa orðið þar síðan og meðal annars hefur skógarkerfill lagt undir sig stórar spildur innan friðlandsins. Með tilliti til þessara breytinga sem orðið hafa er tillaga okkar að gróðurúttekt verði endurtekin. Jafnframt verði tækifærið notað og gerð úttekt á bæði varpi anda og mófugla í Friðlandinu.

Mikið landbrot hefur verið í Friðlandinu (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2017). Það verður að bregðast við þessu á einhvern máta og tryggja að aldan brjóti ekki bakkann líkt og reyndin hefur verið á liðnum árum. Reyndar hefði það mikið gildi fyrir kollur með unga að hafa vikóttan bakka með hávaxinni stór, þar finna ungarnir æti og móðirin á auðveldar með að verjast afráni.

Vatnsbúskapur Tjarnarinnar gæti verið í hættu vegna mikilla framkvæmda víða í Vatnsmýri eða í jaðri hennar. Bæði eru framkvæmdir í Hlíðarenda og svo stendur til að byggja við sunnanverðan Flugvöllinn. Þessar framkvæmdir gætu haft áhrif á vatnsbúskapinn og þarf að vakta hann gjörla, annars er hættu á að vatn hætti að renna til Tjarnarinnar og það mundi verða endanlegur dauðadómur yfir lífríkinu og fuglalífínu.

Í lokin er rétt að minna á að borgaryfirvöld mörkuðu á sínum tíma stefnu varðandi lífríki Tjarnarinnar. Um það má lesa í bókinni „Tjörninn, saga og lífríki“ sem kom út á vegum Reykjavíkurborgar árið 1992. Þar segir m.a. á bls. 165 í kafla 8, „Framtíð Tjarnarsvæðisins“ sem er eftir Inga Ú. Magnússon, Einar E. Sæmundsen, Gísli M. Gíslason, Halldór Torfason og Jóhann Pálsson:

„Fjölbreytt andalíf Tjarnarinnar er að miklu leyti manngert og komið var upp vísi að fuglagarði á svæðinu á sjötta ártugnum. Þessi tegundaauðlegð hefur bæði skemmti- og fræðslugildi og ber að vinna áfram í sama anda. Forsenda fyrir slíku ræktunarstarfi er að skipulegt eftirlit sé með Tjarnarfuglunum, bæði almenn umhirða, til dæmis að fóðra unga, eyða vörgum, vakta varplönd og fleira, og eins að fylgjast með stofnstærð og viðkomu Tjarnarfugla, þannig að á hverjum tíma sé vitað hvað sé þar af fugli og hvort ákveðnum tegundum sé að fækka eða þær jafnvel að hverfa.“

HEIMILDIR

Ingi Ú. Magnússon, Einar E. Sæmundsen, Gísli Már Gíslason, Halldór Torfason & Jóhann Pálsson 1992. Framtíð Tjarnarsvæðisins. Bls. 161-171 í *Tjörninn, saga og lífríki*. Reykjavíkurborg. 197 bls.

Jóhann Pálsson 2003. Friðlandið í Vatnsmýrinni, flóra og gróðurfar í friðlandi fyrir fugla í Vatnsmýrinni. Umhverfis- og heilbrigðisstofa. UHR 11-2003_6.

Ólafur Arason & Snorri Sigurðsson 2019. Vöktun fuglalífs í Reykjavík sumarið 2019. Deild náttúru og garða, umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur. 9 bls.

Ólafur K. Nielsen 1992. Tjarnarfuglar. Bls. 93-153 í *Tjörninn, saga og lífríki*. Reykjavíkurborg.

Ólafur K. Nielsen 2013. Til varnar Tjörninni, minni gömlu fóstru! Fuglar 9: 30-35.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2011. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2011*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 14 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2012. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2012*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 17 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2017. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2016*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 15 bls.

TÖFLUR

1. tafla. Endur á Tjörninni 2019. Samtals voru gerðar þrjár heildartalningar á fuglum vorið og sumarið 2019. Í töflunni er sýnt hvað sást af gæsum og öndum í þessum talningum.

Tegund	Aldur	28.4.2019	17.5.2019	25.7.2019
Grágæs	fullorðinn	30	31	78
Grágæs	ungi	0	0	10
Stökkönd	steggur	51	55	154
Stökkönd	kolla	42	29	41
Stökkönd	ungi	0	0	15
Gargönd	steggur	0	1	13
Gargönd	kolla	0	1	4
Gargönd	ungi	0	0	6
Rauðhöfði	steggur	0	0	1
Urtönd	ókyngreind	0	0	1
Urtönd	ungi	0	0	1
Duggönd	steggur	5	2	0
Duggönd	kolla	5	2	4
Duggönd	ungi	0	0	6
Skúfönd	steggur	35	37	5
Skúfönd	kolla	21	22	27
Skúfönd	ungi	0	0	28
Æður	steggur	3	2	0
Toppönd	steggur	1	0	0
Toppönd	kolla	1	0	1
Toppönd	ungi	0	0	1

2. tafla. Andakollur á Tjörninni í Reykjavík vorið 2019, samanborið við meðaltal árána 1974–2019.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2019	42	1	27	5	0	75
Meðaltal 1974–2019	74	3	26	13	28	142
Hámark	115	6	50	32	72	214
Lágmark	27	1	11	5	0	62
Staðalfrávik	23,14	1,38	7,41	7,97	17,48	42,14
Breytileikastuðull	31%	55%	28%	60%	63%	30%
Ár (n)	40	40	40	39	39	38
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,605	-0,499	0,340	-0,888	-0,803	-0,795

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.

3. tafla. Stálpaðir andarungar á Tjörninni í Reykjavík síðsumars 2019, samanborið við meðaltal árána 1973–2019.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2019	15	6	28	6	0	55
Meðaltal 1974–2019	49	5	25	16	38	133
Hámark	140	31	94	58	125	316
Lágmark	3	0	0	0	0	24
Staðalfrávik	30,14	6,24	17,62	15,23	31,95	77,85
Breytileikastuðull	33%	118%	71%	97%	84%	59%
Ár (n)	39	39	40	40	40	38
Fylgnistuðull <i>r</i>	-0,659	-0,457	-0,112	-0,590	-0,795	-0,757

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.